

277. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesskáli fimmtdaginn 16. maí 2019, kl. 16.00.

Mætt: Haraldur Helgason, formaður, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Jóhann Snorri Sigurbergsson, fulltrúi Reykjanesskála, Jóhann Friðrik Friðriksson, fulltrúi Reykjanesskála, Inga Rut Hlöðversdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkur og, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, Sonja Hrund Steinarsdóttir, Stefán B. Ólafsson, Helgi Haraldsson og Ásmundur E. Þorkelsson. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi
2. Umgengni á lóðum / númerlausir bílar
3. Innkallanir á matvælum
4. Ársreikningur 2018
5. Næsti fundur heilbrigðisnefndar
6. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Kökulist ehf., kt. 650308-0420, Fitjum, 260 Reykjanesskáli til að reka bakarí.
- Modular ehf., kt. 560113-0480, Fornuvör 7, 240 Grindavík til að reka heildsölu án lagers.
- Landhelgissgæsla Íslands, kt. 710169-5869, 235 Keflavíkurflugvelli til að reka vatnsveitu (dreifikerfi fyrir neyslуватн á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli).

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími leyfa er 12 ár.

- TSP ehf., kt. 570106-0900, Tjarnargata 2, 230 Reykjanesskáli tannlæknastofu/tannréttigar.
- Ásbrú fasteignir ehf. - Andrews theater, kt. 541216-2190, Grænásbraut 700, 262 Reykjanesskáli til að reka samkomuhús.
- Tannlæknastofa Kristínar, kt. 550502-7040, Hafnargata 45, 230 Reykjanesskáli til að reka tannlæknastofu.
- Tannlæknastofa Guðmundar Pálssonar, kt. 011164-4209, Víkurbraut 62, 240 Grindavík til að reka tannlæknastofu.
- TF-HOT ehf., kt. 460716-0550, Keilisbraut 747, 262 Reykjanesskáli til að reka stærra gistiheimili.
- Reykjanesskáli, kt. 470794-2169, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesskáli til að reka íþróttahús að Smiðjuvöllum 5.
- Fótaaðgerðastofa Freydisar, kt. 280773-3609, Austurvegi 5, 240 Grindavík til að reka fótaaðgerðastofu.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfis er 12 ár, nema annað sé tekið fram.

- Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., kt. 590269-4099, Sjávargötu 6-12, 260 Reykjanesskáli til reksturs skipasmíðastöðvar.
- Permoco ehf., kt. 640418-2060, Bolafæti 15, 230 Reykjanesskáli til reksturs á fiskvinnslu.
- Nesfiskur ehf., kt. 410786-1179, Gerðavegi 32, 250 Garði til reksturs á fiskvinnslu. Málinu frestað þar sem ekki hafa borist svör við fyrirspurnum embættisins um ráðagerðir félagsins.

Tímabundin starfsleyfi.

- Jarðboranir hf., kt. 590286-1419, Hlíðarsmára 3, 201 Kópavogi til jarðborunar við Reykjanessvirkjun.

2. Umgengni á lóðum / númerlausir bílar.

Vinna við þennan málflokk hófst í mars og búið er að veita um 150 aðvaranir vegna númerlausra bíla. Tekið hefur verið á móti 45 ábendingum frá borgurum. Vinna við undirbúnung lóðahreinsana er hafin og nokkrir aðilar þegar fengið óformleg tilmæli um úrbætur.

3. Innkallanir á matvælum.

Farið var yfir tildrög og eðli þriggja innkallana á matvælum sem gerðar hafa verið að undirlagi embættisins á þessu ári.

4. Ársreikningur 2018.

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning nýliðins árs. Ársreikningurinn var samþykktur og staðfestur af nefndarmönnum.

5. Næsti fundur heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja felur Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að gefa út starfsleyfi til starfsleyfisskyldra aðila, að uppfylltum skilyrðum á milli funda nefndarinnar. Listi yfir þessar leyfisveitingar skal lagður fram á næsta fund nefndarinnar til kynningar. Meti eftirlitið mál svo að leyfisveiting orki tvímælis á einhvern hátt skal leyfisveiting bíða næsta fundar nefndarinnar.

6. Önnur mál

Reifað var mál íbúa í Suðurnesjabæ þar sem kvartað er undan lausagangi katta í sveitarféluginu; skemmdir í görðum, tjóni á fuglalífi, ónæði og sú hætta þegar köttur álpast inn á heimili einstaklings sem haldinn er kattaofnæmi. Starfsmönnum var falið að ræða við eiganda kattarins og tilkynna málshefjanda um það.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:00.

Haraldur Þórgarður
Ólafur Kjartansson
Jónas Guðlaugsson
Jóhann Jónasson
Sigurður Hildurssen.

H.H.